

Ed.

81. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Við 32. grein kosningalaganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar svo er ástatt sem í grein þessari segir, skulu utankjörstaðaratkvæði þau, sem greidd hafa verið hinum látna, áður en birt hefir verið framboð þess manns, sem býður sig fram í hans stað, teljast greidd hinum nýja frambjóðanda, nema kjósandi óski fyrir kjördag að fá atkvæðaseðil sinn afhentan, enda er honum þá heimilt að kjósa á ný utan kjörstaðar.

Þegar eftir að framboð staðgengils hins látna hefir borizt yfirkjörstjórn símar hún dómsmálaráðuneytinu um það, en ráðuneytið birtir framboðið í útvarpinu og sendir öllum yfirkjörstjórnnum landsins tilkynningu um það.

2. gr.

Ákvæði 1. greinar skulu einnig gilda, eftir því sem við á, við kosningar samkvæmt 135. grein kosningalaganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.